



Félag skipstjórnarmanna

Alþingi
B.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 01.11.2023

Efni: Umsögn Félags skipstjórnarmanna um tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslu Íslands á Akureyri.

Félag skipstjórnarmanna (FS) tekur undir tillögu flutningsmanna um að komið verði á fót fastri starfsstöð fyrir þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri. Mörg rök eru fyrir því að starfsstöð fyrir þyrlu verði á norðanverðu landinu. Slík staðsetning styttrir viðbragðstíma og bætir þjónustu og öryggi sjómanna og annarra úti fyrir norðurlandi og víðar á hafsvæðinu kringum Ísland og inn til hálendisins. FS fagnar staðsetningu varðskips á Siglufirði þaðan sem styst er á miðin úti fyrir norðurlandi.

Veður geta verið þannig að þyrla, sem staðsett er á norðurlandi ætti auðveldara með leit og björgun og hefði augljóslega styttri flugtíma á ákveðin svæði á sjó og landi. Auk þess er tenging við sjúkraflugið sem er staðsett á Akureyri. Það er mikilvægt í þessu samhengi að orðum fylgi efndir, það er nauðsynlegt að Landhelgisgæslunni verði tryggt nægt fjármagn og aðstaða til reksturs slíkrar þjónustu á Akureyri.

Útköll þyrlu voru 148 árið 2013, en voru 299 árið 2022. FS bendir á að vegna fjölgunar útkalla er nauðsynlegt að fjölga þyrluáhöfnum og styrkja viðhald þannig að ávallt séu tvær þyrlur tiltækar að lágmarki, helst bæði í Reykjavík og á Akureyri. Spurning hvort ekki sé rétt að taka upp fastar staðarvaktir áhafna, bæði til að minnka álag á þær og til að stytta viðbragðstíma. Tryggja þarf góða aðstöðu fyrir þyrlurnar og áhafnir bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Virðingarfyllt
Félag skipstjórnarmanna

Árni Sverrisson
formaður

